

Föstudaginn 24. febrúar 1967.

Nr. 249/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Jónssyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur gerzt sekur við ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. maí 1965 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þar sem nú er um ítrekað brot að fjalla, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. mgr. 80. gr. sömu laga. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 30. september 1966.

Ár 1966, föstudaginn 30. september, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Frey Ófeigssyni fulltrúa með undirrituðum

vottum í skrifstofu embættisins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1261/1966: Ákærvaldið gegn Gunnari Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 27. júní 1966, á hendur Gunnari Jónssyni sjómanni, Grænugötu 6, Akureyri, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 31. maí 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 18109 frá Hótel Loftleiðum á Reykjavíkurlflugvelli sem leið liggur að kaffivagninum á Grandagarði og síðan þaðan að olíustöð ESSO í Örfirisey, þar sem lögreglan handtók ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur á Akureyri 10. september 1932, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1950 20/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1950 12/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1951 13/4 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1952 28/2 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 23/3 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 6/5 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 26/5 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 26/9 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 14/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1954 29/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1960 12/10 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

- 1960 29/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1965 21/5 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 21/5 1965. Sýknaður af ákæru um meint brot á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.
- 1965 3/8 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru sem hér segir:

Priðjudaginn 31. maí 1966 um kl. 0605 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um síma, að ökumaður R 18109 væri ölvaður að aka bifreiðinni og hefði hann ekið út á Grandann. Lögreglumenn hófu leit að nefndri bifreið og fundu hana rétt hjá ESSO-olíugeymunum.

Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, var handtekinn og fluttur í lögreglustöðina og síðan færður til blóðtöku, en við rannsókn reyndist blóðsýnishorn úr ákærða innihalda 1.24% af alkóhóli.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R 18109 um kl. 0600 í greint sinn frá Hótel Loftleiðum að kaffivagninum á Grandagarði og síðan að olíustöð ESSO í Örfirisey, þar sem hann var handtekinn. Ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en viðurkenndi að hafa neytt víns daginn áður fram að kvöldverði um kl. 2030.

Samkvæmt framangreindu þykir brot ákærða nægilega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og með hliðsjón af eðlilegri mælingarskekkju við rannsókn blóðsýnishornsins þykir það varða við þar greind lagaákvæði.

Þykir refsing ákærða samkvæmt refsíákvæðum þeim, er í ákæru greinir, hæfilega ákveðin kr. 4.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, greiði kr. 4.500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1967.
 Nr. 77/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Ásmundi Sigurjónssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun. Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Eliassyni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að höfuðstóll hinnar dæmdu fjárhæðar lækki í kr. 23.073.80. Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var stefndi skipstjóri á báti áfrýjanda, v/b Mugg, VE 322, á vetrarvertíðinni 1957. Í júnimánuði 1957 vann stefndi að því að búa bát áfrýjanda, v/b Helga Helgason, VE 343, á sumarsildveiðar. Var stefndi síðan skipstjóri á v/b Helga Helgasyni á sildveiðum um sumarið, en hætti veiðum í ágústmánuði og hvarf úr þjónustu áfrýjanda 12. ágúst 1957. Eins og í héraðsdómi greinir og aðiljar eru nú sammála um, nam inneign stefnda hjá áfrýjanda hinn 1. júní 1957 kr. 17.110.78 og laun stefnda